

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

Lacudex 10 mg/ml leggangakrem

klórhexidín glúkónat

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

Alltaf skal nota lyfið nákvæmlega eins og lýst er í þessum fylgiseðli eða eins og lækinn eða lyfjafræðingur hefur mælt fyrir um.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum eða ráðgjöf.
- Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.
- Leitið til læknis ef sjúkdómseinkenni versna eða lagast ekki.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Lacudex og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Lacudex
3. Hvernig nota á Lacudex
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Lacudex
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Lacudex og við hverju það er notað

Klórhexidín er sýkladrependi lyf og verkar bæði gegn gram-jákvæðum og gram-neikvæðum bakteríum. Það er einnig virkt gegn ýmsum sveppategundum.

Lyfið er notað af læknum og hjúkrunarfræðingum til að koma í veg fyrir sýkingu og sem mýkjandi áburður við barnsfæðingar og við legskoðanir.

2. Áður en byrjað er að nota Lacudex

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Ekki má nota Lacudex

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir klórhexidíni eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).
- Klórhexidín má ekki berast í djúpa skurði á höfði eða mænu eða í miðeyra.

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en Lacudex er notað.

- Varist að bera Lacudex leggangakrem í eyru. Ef það berst í eyru, fjarlægðu það varlega með eyrnappinn.
- Lacudex má ekki komast í snertingu við augu vegna hættu á sjónskemmdum. Ef það kemst í snertingu við augu skal skola þau vandlega með vatni án tafar. Við alla augnertingu, rauð augu eða verk í augum eða sjóntruflanir skal strax leita lækniðstoðar.
- Tilkynnt hefur verið um alvarlega glæruskemmd (skemmd á yfirborði augans) sem hugsanlega þarfnað ígræðslu glæru (corneal transplant) þegar samskonar lyf hafa komið í snertingu við auga fyrir slysi í aðgerðum, hjá sjúklingum í svæfingu (djúpum verkjalausum svefni).
- Ef Lacudex berst í fót og notaður er klór til að ná því úr myndast brúnir blettir.
- Ef Lacudex er blandað saman við sápu eða hreingerningarlög missir leggangakremið verkun sína.

Notkun annarra lyfja samhliða Lacudex

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Meðganga og brjóstgjöf

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. Notkun á meðgöngu og við fæðingar er talin hættulaus. Klórhexidín kemst yfir í brjóstamjólk en áhrif á barnið eru ólíkleg ef réttir meðferðarskammtar eru notaðir.

Akstur og notkun véla

Lacudex hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

Lacudex inniheldur cetósterýlalkóhól

Lacudex inniheldur cetósterýlalkóhól sem getur valdið staðbundnum húðviðbrögðum (t.d. snertihúðbólgu).

Lacudex inniheldur ilmefni með d-límónen, línalól, kúmarín og sítral.

D-límónen, línalól, kúmarín og sítral geta valdið ofnæmisviðbrögðum

3. Hvernig nota á Lacudex

Lacudex leggangakrem er eingöngu ætlað til notkunar á húð og slímhúð.

Læknar eða hjúkrunarfræðingar sjá um notkun Lacudex leggangakrems.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur nota leggangakremið í kringum fæðingarveg. Einnig er leggangakremið notað utan á hanska og tæki.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222).

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Eftirfarandi aukaverkanir geta komið fram:

Algengar (>1/100):

- húðertingu fyrst eftir notkun.

Mjög sjaldgæfar (<1/1.000)

- Ofnæmi
- Augnerting
- Heyrnartap

Aðrar hugsanlegar aukaverkanir, tíðni þeirra er ekki þekkt:

Glæruskemmd (skemmd á yfirborði auga) og varanleg augnskemmd þar með talið varanleg sjónskerðing (eftir útsetningu fyrir slysi við aðgerðir á höfði, andliti og hálsi hjá sjúklingum í svæfingu (djúpum verkjalausum svefni).

Klórhexidín getur valdið heyrnarskaða ef það kemst inn í miðeyra. Snerting við augu getur valdið sviða. Bráðafnæmi getur komið fyrir en slík viðbrögð eru mjög fátíð.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækinn, eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Lacudex

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Geymið við lægri hita en 25°C.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Lacudex inniheldur

- Virka innihaldsefnið er klórhexidínglúkónat.
- Önnur innihaldsefni eru paraffínolía, ísóprópanólum, hvítt vaselín, cetósterýlalkóhól, cetósterýlalkóhól/etýlenoxíð, línalyl acetat, hreinsað vatn.
- Lyfið inniheldur cetósterýlalkóhól og ilmefni með d-límónen, línalól, kúmarín og sítral sem geta valdið ofnæmisviðbrögðum (sjá kafla 2 Áður en byrjað er að nota Lacudex).

Lýsing á útliti Lacudex og pakkningastærðir

Plastflaska, 250 ml

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Bioglan AB
Box 503 10
202 13 Malmö
Svíþjóð.

Umboð á Íslandi

Icepharma hf.
Lynghálsi 13
110 Reykjavík

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í ágúst 2025.

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar (<http://www.serlyfjaskra.is>).